

## Auglýsing frá Umhverfissráðuneytinu varðandi veiðikvóta fyrir árið 2002

Heimilt er að veiða allt að 574 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 2002, auk hreindýrakálfa sem fylgt hafa felldum kúm, en þá skal fella sé þess kostur. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda.

Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Hreindýraráð auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 2001 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár í Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hölná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.



Veiðiheimildir árið 2002 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Tarfar	Kýr	Samtals
Svæði 1	14	15	29
Svæði 2	115	119	234
Svæði 3	16	15	31
Svæði 4	14	18	32
Svæði 5	15	45	60
Svæði 6	23	28	51
Svæði 7	24	28	52
Svæði 8	15	15	30
Svæði 9	25	30	55
Alls:	261	313	574

Veiðisvæðin skiptast þannig eftir sveitarfélögum:

**Svæði 1** Vopnafjarðarhreppur og Norður Hérað, þ.e. áður Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú og Jökulsárhlíð

**Svæði 2** Norður Hérað, áður Jökuldalur austan Jökulsár á Brú og Hróarstunga. Einnig Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Austur Hérað (þ.e. Vellir vestan Grímsár og Skriðdalur vestan Grímsár)

**Svæði 3** Austur Hérað, áður Hjaltastaðapinghá, Eiðapinghá og Borgarfjarðarhreppur

**Svæði 4** Austur Hérað, áður Vellir austan Grímsár og Reyðarfjörður í Fjarðarbyggð og Seyðisfjörður og Mjóifjörður.

**Svæði 5** Fjarðarbyggð, áður Eskifjörður/Norðfjörður

**Svæði 6** Austur Hérað, áður Skriðdalur austan Grímsár og Breiðdalshreppur

**Svæði 7** Djúpavogshreppur, áður Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur

**Svæði 8** Hornafjörður, áður Bæjarhreppur og Nesjahreppur

**Svæði 9** Hornafjörður, áður Mýrarhreppur og Borgarhafnarhreppur (Suðursveit)

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum geta Hreindýraráð og Veiðistjóraembættið, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, heimilað veiðar á hreindýrum skv. veiðiheimildum Svæða 1, 6 og 7 á Svæði 2 og öfugt enda telji þessir aðilar ástæðu til að ætla að hreindýr hafi fært sig milli veiðisvæða í samræmi við það.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 452/2000 um stjórn hreindýraveiða frá 3. júlí 2000, og 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

Umhverfissráðuneytið, 23. nóvember, 2001.